



863. fundur stjórnar GSÍ, 16. júní 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Bergsteinn Hjörleifsson, Gylfi Kristinsson, Kristín Guðmundsdóttir, Theódór Kristjánsson, Bergþóra Sigmundsdóttir og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð frá 19. maí s.l. og hún samþykkt og undirrituð.

2. Smáþjóðaleikar á Korpúlfsstöðum

Haukur Örn gerði grein fyrir framkvæmd á golfkeppninni sem fór fram á Smáþjóðaleikunum sem leikin var á Korpúlfsstaðavelli. Framkvæmd mótsins tókst einstaklega vel og var öllum til sóma. Frábær árangur íslensku kylfinganna á mótinu vakti athygli og náðu þeir að tryggja sér nær öll verðlaun sem í boði voru í mótinu, þ.e. gullverðlaun í liðakeppni karla og kvenna og gullverðlaun og bronsverðlaun í einstaklingsflokkum.

3. Íslandsmótið á Akranesi, afmæli GL

Hörður gerði grein fyrir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Íslandsmótið í golfi sem fram fer á Garðavelli í júlí. Fundað hefur verið með stjórn klúbbsins og undanfarnefnd mótanefndar hefur tekið út völlinn og skilað skýrslu um stöðu vallarins. Þá hefur verið fundað með RÚV varðandi uppsetningu tækja og önnur mál varðandi beina útsendingu frá mótinu. Rætt var um að snúa völlum, þ.e. hvort heppilegt væri að ræsa út frá 10. teig, en horfið hefur verið frá þeirri hugmynd.

Golfklúbburinn Leynir fagnar á þessum tímamótum 50 ára afmæli sínu og var sérstakt afmælismót af því tilefni haldið 14. júní og færði forseti GSÍ klúbbum áletraðan kristalvasa af því tilefni.

4. KPMG Bikarinn

Lagt var fram minnisblað varðandi framkvæmd KPMG bikarsins sem fram fer á Grafarholtsvelli 27. júní n.k. Markmiðið með bikarinn er að vekja athygli á golfíþróttinni og afrekskylfingum okkar og er bikarinn jafnframt liður í undirbúningi landsliðsins fyrir Evrópumót sumarsins.

Keppnisfyrirkomulagið á KPMG Bikarinn verður þannig að leiknir verða 4 fjórmenningar og 6 tvímenningar og í leiðinni verður áheitasöfnun til handa góðgerðarfélagi þar sem 10.000 kr. renna til félagsins fyrir hvern fugl sem kylfingar fá í mótinu.

Þá verður lögð áhersla á að bjóða almenningi að koma á völlinn og kynna sér golfíþróttina og verður boðið upp á fría bolta í Básun og leiðsögn PGA kennara. Sérstakur blaðamannafundur verður haldinn í höfuðstöðvum KPMG, fimmtudaginn 25. júní, þar sem fyrirkomulag bikarsins og liðin verða kynnt.

5. Sveitakeppni GSÍ

Forystumenn GR hafa óskað eftir því að skoðað verði hvort unnt sé að færa til sveitakeppni í meistaraflokki karla um eina viku þar sem hún skarast á við Evrópumót einstaklinga í Slóvakíu. Fyrirséð er að nokkrir af bestu kylfingum



klúbbsins taki þátt í mótinu og því afar óheppilegt að hafa sveitakeppnina á þessum tíma. Samþykkt að skoða þann möguleika að færa mótið og heyra hljóðið í þeim klúbbum sem taka þátt í sveitakeppninni, hvort vilji sé til að færa mótið. Framkvæmdastjóra og formanni mótanefndar var falið að ræða við forystumenn þessara klúbba.

6. Afreksíþróttamiðstöð Íslands

Lögð fram ósk frá undirbúningsnefnd Afreksíþróttamiðstöðvar Íslands um að GSÍ gerist stofnaðili að miðstöðinni. Ætlunin er að reyna að koma miðstöðinni í gagnið með haustinu og hafa sérsamböndin möguleika á að skrá sig sem stofnaðila fram í september. Samþykkt var að fela afreksnefnd GSÍ að skoða málið og undirbúa.

7. Önnur mál

Farið var yfir niðurröðun stjórnarmanna á GSÍ mót í júlí og ágúst.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:15.